

lagningu simalinunnar frá Krossum að Litla Árskógssandi, þá skal þeirri greiðslu skipt til helminga á milli hreppanna. 52
24. maí

5. Fjallskil skulu sameiginleg fyrst um sinn.

6. Hreppsnefndarmenn skulu vera 3 í hvorum hreppi.

7. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, en þær skulu síðan framkvæma skiptinguna á eignum, skuldum, skuldbindingum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiptunum skal úr honum skorið af sýslunefnd.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipun er engin breyting gerð á hinum forna Árskógshreppi sem dómþinghá né manntalsþinghá.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Málfundasjóð Svalbarðsstrandar útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 6. maí 1930. Skipulagsskráin er þannig: 53
6. maí

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Málfundasjóð Svalbarðsstrandar.

1. gr.

Sjóður þessi nefnist Málfundasjóður Svalbarðsstrandar.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins 400 krónur, er myndaður af skuldlausri eign Málfundafélags Svalbarðsstrandar, er félagið var uppleyst.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávallt geymdur og ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands

4. gr.

Markmið sjóðsins skal vera að styrkja og verðlauna hverskonar nyt-samar verklegar framkvæmdir, innan takmarka núverandi Svalbarðsstrandarhrepps, sbr. 5. gr. skipulagsskrárinnar.

5. gr.

Sjóðurinn ásamt vöxtum af honum, skal standa óhreyfður til ársins

- 53 2050, frá þeim tíma, og þar til sjóðurinn er orðinn 500 þúsund krónur, skulu
6. maí jafnan $\frac{3}{5}$ hlutar vaxtanna leggjast við höfuðstólinn, en $\frac{2}{5}$ hlutum skal árlega verja samkvæmt fyrirmælum 4. gr. Þegar sjóðurinn er orðinn 500 þúsund krónur, skal árlega verja $\frac{4}{5}$ hlutum vaxtanna til þeirra fyrirtækja, er stjórn sjóðsins á hverjum tíma álitur nytsómust, og eru að öðru leyti í samræmi við skipulagsskrá þessa, en $\frac{1}{5}$ hluti leggist ávallt við höfuðstólinn, *sem aldrei má skerða.*

6. gr.

Hreppsnefnd Svalbarðsstrandarhrepps ásamt tveimur mönnum, kosnum á almennum hreppsfundi, hafi á hendi stjórn sjóðsins, styrkveitingar og verðlaun úr honum, er þar að kemur. Sýslunefnd Suður-Þingeyjarsýslu endurskoði og úrskurði reikninga sjóðsins hvert ár.

Í umboði Málfundafélags Svalbarðsstrandar á síðasta fundi þess.

Svalbarðseyri, 27. desember 1928.

Ásgeir Stefánsson. Jakob Björnsson. Páll Halldórsson.

54

2. júní

REGLUGERÐ

fyrir

bátabryggjuna í Ólafsfirði.

1. gr.

Hreppsnefnd Ólafsfjarðarhrepps hefir yfirumsjón með bryggjunni og eignum hennar. Ræður hún sérstakan bryggjuvörð, og semur um borgun fyrir starf hans. Skal það ætíð vera útgerðarmaður í Ólafsfjarðarkauptúni.

2. gr.

Bryggjuvörður skal hafa umsjón með bryggjunni, og sjá um að hún ásamt vatnsleiðslum og raflýsingu sé ávallt í svo nothæfu ástandi, sem mögulegt er, á meðan vertíð stendur, og skal hann að öllu fara eftir fyrirmælum reglugerðar þessarar.

Eru allir sem bryggjuna nota, skyldir til að hlýða fyrirmælum hans um notkun hennar.

3. gr.

Óheimilt er að láta vörur eða annað liggja á bryggjunni, fram yfir það sem nauðsyn krefur. Sé þess ekki gætt af hlutaðeigendum, er bryggjuverði